



Reglur um innheimtu og löginnheimtu Byggðastofnunar

1. gr. *Gildissvið, skilgreiningar o.fl.*

Reglur þessar gilda um frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna krafna Byggðastofnunar.

Með fruminnheimtu er átt við innheimtuviðvörðun skv. 2. gr.

Með milliinnheimtu er átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviðvörðun skv. 2. gr. og áður en löginnheimta hefst.

Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli 24. gr. a laga um lögmenn nr. 77/1998.

2. gr. *Fruminnheimta.*

Ef greiðsla hefur ekki borist Byggðastofnun á gjalddaga samkvæmt ákvæðum skuldabréfs skal skuldara send innheimtuviðvörðun í síðasta lagi 20 dögum eftir gjalddaga.

Í innheimtuviðvörðun skal koma fram viðvörðun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörðunar.

Í innheimtuviðvörðun skal koma fram:

- a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;
- b. lýsing á kröfu;
- c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;
- d. greiðslustaður; og
- e. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

3. gr. *Milliinnheimta*

Hafi skuldari ekki gert upp vanskil eða samið um uppgjör skal senda honum innheimtubríf í síðasta lagi 10 dögum eftir sendingu innheimtuviðvörðunar skv. 2. gr.

Bregðist skuldari ekki við innheimtubræfi skal fulltrúi á rekstrarsviði fylgja bréfinu eftir með símtali.

Seinna innheimtubríf skal senda skuldara ekki seinna en 35 dögum eftir sendingu innheimtuviðvörðunar.

Í innheimtubræfi skulu koma fram sömu upplýsingar og í innheimtuviðvörðun auk þess sem skuldara skal kynntur sá kostnaður sem áframhaldandi innheimta hefur í för með sér.



4. gr. Löginnheimta

Hafi vanskil varað í 90 daga frá gjalddaga skal lán L-merkt og sent til löginnheimtu.

Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Skuldara skal birt greiðsluáskorun sem undanfara nauðungarsölu veðsettrar eignar, sé hún fyrir hendi, eða fjárnáms njóti skuldin ekki veðtryggingar.

Auk útlagðs kostnaðar skal áfallinn innheimtukostnaður reiknaður og innheimtur.

Ef vanskil hafa ekki verið gerð upp eða samið um uppgjör þeirra skal, 15 dögum eftir birtingu greiðsluáskorunar, beiðni um nauðungarsölu veðsettrar eignar send sýslumanni í viðkomandi umdæmi, eða beiðni um fjárnám eftir atvikum.

Heimilt skal að fresta byrjun uppboðs gegn greiðslu a.m.k. 10% vanskila.

Geti skuldari ekki greitt inn á vanskil eða samið um greiðslu skuldarinnar skal málið sent áfram til lokasölu veðsettrar eignar.

Forstjóri, að fenginni ráðgjöf lögfræðisviðs, tekur ákvörðun um það hvort krafa Byggðastofnunar skuli varin við framhald uppboðs.

5. gr. Kostnaður

Innheimtukostnaður vegna innheimtu gjaldfallinna krafna er í samræmi við gjaldskrá sem stjórn ákveður.

Samþykkt í stjórn Byggðastofnunar 14. desember 2015